


MÖRSUGUR 10097 (1661861-0523)

FÆDDUR 22. desember 2010

RÆKTANDI: Ólafur Kristjánsson, Geirakoti, Flóa



Mörsugur 10097. Bröndóttur m. blett á síðu, kollóttur.



LÝSING/DÆTUR

Dætur Mörsugs eru góðar afurðakýr með há efnahlutföll í mjólk. Þetta eru meðalstórar og nokkuð háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru um meðallag en yfirlína er sterk. Malirnar eru fremur grannar en vel gerðar. Fótstaða er bein og sterk. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfasta mikil, júgurband áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega stuttir og grannir og vel settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi, lítið um galla í mjöltum og skapið er gott.

UM MÓÐUR:

Carmen 449, fædd í janúar 2007 í Geirakoti í Flóa. Dökkkollótt, kollótt. Fargað í febrúar 2014. Bar fyrst í september 2009 og tvisvar sinnum eftir það, síðast í janúar 2012. Færði burð aðeins á öðrum kálfi. Skráðar æviafurðir eru 31.442 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 8.930 kg (2011) með fituhlutfall 4,41% og próteinhlutfall 3,61%.

ÚTLITSDÓMUR

JÚGUR OG LÖGUN	9
JÚGURSK. OG FESTA	9
STAÐS. SP. OG LENGÐ	9
LÖGUN OG GERÐ SP.	8
MJALTIR	18
SKAP	5
KYNBÓTAEINKUNN	110
AFURÐIR	116

ALGENGASTI GRUNNLITUR	Rauðir
EINLITAR/TVÍLITAR	79/21%
ALGENGASTI TVÍLITUR	Huppóttur
GRÁIR LITIR	Já
HYRND AFKVÆMI	Já

MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN: **72**

LEKAR	0%
MJÓLKAST SEINT	11%
SELJA ILLA	1%
MISMJÓLKAST	10%
SKAPGALLAÐAR	3%

Góð efnahlutföll

Mjög góð júgurgerð

Mjaltir í tæpu meðallagi

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg				█				106
Fituhlutfall				█				119
Próteinhlutfall				█				109
Afurdir				█				109
Frjósemi			█					93
Frumutala				█				109
Gæðaröð			█					92
Skrokkur				█				107
Boldýpt			█					97
Útlögur			█					93
Júgur				█				115
-festa				█				113
-Band				█				118
-Dýpt				█				116
Spenar				█				104
-Lengd				█				102
-Þykkt			█					94
-Staða			█					99
Mjaltir			█					94
Skap				█				110
Ending				█				104
Heildareinkunn				█				106


KUNNINGI 11002 (1636721-0520)

FÆDDUR 5. janúar 2011

RÆKTANDI: Félagsbúið, Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.



Kunningi 11002. Brandhúppóttur, leistöttur m/stjörnu, kollóttur.



LÝSING/DÆTUR

Dætur Kunningja eru mjólkurlagnar og efnahlutföll í mjólk eru há. Þetta eru fremur stórar og háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru í meðallagi en yfirlína aðeins veik. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar en aðeins þaklaga. Fótstaða er bein en eilítið þröng. Júgurgerð er í tæpu meðallagi, aðeins vantar á júgurfestu, júgurband nokkuð áberandi og júgrin eru tæpast nógu vel borin. Spenar eru vel gerðir og sérlega vel settir. Mjaltir og skap eru í góðu meðallagi, lítið um galla í mjöltum.

UM MÓÐUR:

Gata 377, fædd í mars 2005 á Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum. Rauð, kollótt. Fargað í júní 2013. Bar fyrst í október 2007 og fimm sinnum eftir það, síðast í desember 2012. Hélt nokkuð reglulegum burðartíma. Skráðar æviafurðir eru 45.887 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 9.338 kg (2011) með fituhlutfall 4,23% og próteinhlutfall 3,19%.

ÚTLITSDÓMUR

JÚGUR OG LÖGUN	9
JÚGURSK. OG FESTA	9
STAÐS. SP. OG LENGÐ	9
LÖGUN OG GERÐ SP.	8
MJALTIR	17
SKAP	5
KYNBÓTAEINKUNN	104
AFURÐIR	107

ALGENGASTI GRUNNLITUR	Rauðir
EINLITAR/TVÍLITAR	34/66%
ALGENGASTI TVÍLITUR	Húppóttur
GRÁIR LITIR	Nei
HYRND AFKVÆMI	Nei

MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MED MJALTAATHUGUN: **92**

LEKAR	4%
MJÓLKAST SEINT	10%
SÉLJA ILLA	1%
MISMJÓLKAST	4%
SKAPGALLAÐAR	7%

Há efnahlutföll

Júgurgerð í tæpu meðallagi

Vel settir spenar


EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								113
Fituhlutfall								115
Próteinhlutfall								117
Afurdir								118
Frjósemi								98
Frumutala								89
Gæðaröð								107
Skrokkur								102
Boldýpt								97
Útlögur								94
Júgur								93
-festa								90
-Band								104
-Dýpt								92
Spenar								110
-Lengd								97
-Þykkt								94
-Staða								123
Mjaltir								103
Skap								103
Ending								103
Heildareinkunn								108

FÆDDUR 11. janúar 2011

RÆKTANDI: Egill Sigurðsson, Berustöðum, Ásahreppi



Gýmir 11007. Brandhuppóttur, leistöttur, kollóttur.



LÝSING/DÆTUR

Dætur Gýmis eru mjólkurlagnar og efnahlutföll í mjólk eru ofan meðallags. Þetta eru stórar og háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru fremur litlar og yfirlína veik. Malirnar eru meðalbreyðar, nokkuð hallandi en fremur flatar. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerðin er góð, júgurfasta meðalmikil og júgrin vel borin en júgurband ekki sérlega áberandi. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og vel settir. Mjaltir eru í meðallagi og lítið er um galla í mjóltum. Skapið er mjög gott.

UM MÓÐUR:

Flekka 378, fædd í febrúar 2007 á Berustöðum í Ásahreppi. Rauðskjöldótt, kollótt. Fargað í júlí 2012. Bar fyrst í febrúar 2009 og þrisvar sinnum eftir það, síðast í janúar 2012. Hélt mjög reglulegum burðartíma. Skráðar æviafurðir eru 26.242 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 9.559 kg (2011) með fituhlutfall 4,32% og próteinhlutfall 3,39%.

ÚTLITSDÓMUR

JÚGUR OG LÖGUN	9
JÚGURSK. OG FESTA	8
STADS. SP. OG LENGD	9
LÖGUN OG GERÐ SP.	9
MJALTIR	18
SKAP	5
KYNBÓTAEINKUNN	105
AFURÐIR	110

87 stig

		EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
ALGENGASTI GRUNNLITUR	Rauðir	Mjólk kg								116
EINLITAR/TVÍLITAR	40/60%	Fituhlutfall								104
ALGENGASTI TVÍLITUR	Huppóttur	Próteinhlutfall								102
GRÁIR LITIR	Nei	Afurðir								114
HÝRND AFKVÆMI	Já	Frjósemi								102
		Frumutala								100
		Gæðaröð								92
		Skrokkur								101
		Boldýpt								86
		Útlögur								89
		Júgur								103
		-festa								100
		-Band								96
		-Dýpt								109
		Spenar								101
		-Lengd								96
		-Þykkt								110
		-Staða								106
		Mjaltir								100
		Skap								113
		Ending								110
		Heildareinkunn								109

Góð afurðageta

Góð júgur- og spenagerð

Meðalmjaltir og mjög gott skap


STÓLPI 11011 (1662631-0731)

FÆDDUR 31. janúar 2011

RÆKTENDUR: Baldur og Betzy, Litla-Ármóti, Flóa



Dökk kolhuppóttur, leistöttur m/stjörnu, kollóttur.



LÝSING/DÆTUR

Dætur Stólpa eru mjólkurlagnar kýr með próteinhlutfall í mjólk meðallagi en fituhlutfall undir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og nokkuð háfættar kýr, fremur bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malirnar eru grannar en vel gerðar. Fótstaða er bein og sterkleg en nokkuð þröng. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfasta mikil og júgrin mjög vel borin en júgurband lítt áberandi. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og prýðilega settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og lítið er um galla í mjöltum þó fyrir komi seinar kýr í mjöltum. Skapið er mjög gott hjá þessum kúm.

UM MÓÐUR:

Styttta 606, fædd í janúar 2007 á Litla-Ármóti í Flóa. Dökkkolskjöldótt, kollótt. Fargað í ágúst 2016. Bar fyrst í janúar 2009 og sex sinnum eftir það, síðast í júní 2015. Hélt nokkuð reglulegum burðartíma. Skráðar æviafurðir eru 60.661 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 9.854 kg (2015) með fituhlutfall 3,75% og próteinhlutfall 3,20%.

ÚTLITSDÓMUR

JÚGUR OG LÖGUN	8
JÚGURSK. OG FESTA	9
STAÐS. SP. OG LENGÐ	8
LÖGUN OG GERÐ SP.	8
MJALTIR	18
SKAP	5
KYNBÓTAEINKUNN	103
AFURÐIR	102

85 stig

ALGENGASTI GRUNNLITUR	Kolóttir
EINLITAR/TVÍLITAR	22/78%
ALGENGASTI TVÍLITUR	Huppóttur
GRÁIR LITIR	Nei
HYRND AFKVÆMI	Já

MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN: **103**

LEKAR	1%
MJÓLKAST SEINT	14%
SÉLJA ILLA	2%
MISMJÓLKAST	10%
SKAPGALLAÐAR	6%

Góð afurðageta

Góð júgurgerð

Mjaltir í tæpu meðallagi en gott skap

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								111
Fituhlutfall								89
Próteinhlutfall								100
Afurdir								110
Frjósemi								114
Frumtala								105
Gæðaröð								94
Skrokkur								94
Boldýpt								87
Útlögur								78
Júgur								112
-festa								113
-Band								103
-Dýpt								114
Spenar								106
-Lengd								111
-Þykkt								107
-Staða								98
Mjaltir								93
Skap								110
Ending								102
Heildareinkunn								108


SKALLI 11023 (1458721-0403)

FÆDDUR 25. febrúar 2011

RÆKTENDUR: Kristján og Linda Björk, Steinnýjarstöðum, Skaga



Skalli 11023. Bröndóttur, kollóttur.



LÝSING/DÆTUR

Dætur Skalla eru ákaflega mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll í mjólk eru undir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og meðalháfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með eilítið veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar og nokkuð hallandi. Fótstaða er bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfasta mikil og júgrin vel borin en júgurband í meðallagi sterkt. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir, fremur stuttir og prýðilega settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og lítið er um galla í mjóltum. Skapið er úrvalsgott hjá þessum kúm.

UM MÓÐUR:

Góð 255, fædd í janúar 2007 á Steinnýjarstöðum á Skaga. Rauð, kollótt. Fargað í nóvember 2013. Bar fyrst í apríl 2009 og fjórum sinnum eftir það, síðast í mars 2013. Hélt nokkuð reglulegum burðartíma. Skráðar æviafurðir eru 29.665 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 6.363 kg (2010) með fituhlutfall 4,04% og próteinhlutfall 3,32%.

ÚTLITSDÓMUR

JÚGUR OG LÖGUN	9
JÚGURSK. OG FESTA	9
STAÐS. SP. OG LENGÐ	9
LÖGUN OG GERÐ SP.	8
MJALTIR	18
SKAP	4
KYNBÓTAEINKUNN	106
AFURÐIR	109

85 stig

ALGENGASTI GRUNNLITUR	Rauðir
EINLITAR/TVÍLITAR	66/34%
ALGENGASTI TVÍLITUR	Skjöldóttur
GRÁIR LITIR	Nei
HYRND AFKVÆMI	Já

MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN: **99**

LEKAR	1%
MJÓLKAST SEINT	10%
SELJA ILLA	3%
MISMJÓLKAST	6%
SKAPGALLAÐAR	3%

Mikil mjólkurlagni en fremur lág efnahlutföll

Góð júgurgerð

Úrvalsgott skap

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								127
Fituhlutfall								86
Próteinhlutfall								92
Afurdir								120
Frjósemi								93
Frumutala								108
Gæðaröð								99
Skrokkur								107
Boldýpt								104
Útlögur								106
Júgur								113
-festa								118
-Band								104
-Dýpt								109
Spenar								103
-Lengd								114
-Þykkt								95
-Staða								109
Mjaltir								104
Skap								121
Ending								102
Heildareinkunn								112

NOKKRIR MOLAR UM KYNBÓTASTARFIÐ

Guðmundur Jóhannesson

Nú koma fimm ný reynd til notkunar og eru þau fædd 2010 og 2011. Um er að ræða síðasta nautið úr 2010 árgangi og fyrstu fjögur nautin sem koma til notkunar að lokinni afkvæmaprófun úr 2011 árgangnum. Þar með hafa verið tekin 12 naut til notkunar úr 2010 árgangnum en hann taldi samtals 28 naut. Í heildina hefur sá nautaárgangur komið vel út og mörg mjög öflug naut að finna meðal þeirra. Má þar að nefna Úranus 10081 sem stendur með 118 í heildareinkunn, efstur allra nauta ásamt Bamba 08049. Þá skipa þeir Lúður 10067 og Dropi 10077 fjórða og fimmta sæti allra nauta með 114 í heildareinkunn. Í töflu hér til hliðar má sjá þau reyndu naut sem hafa hæstu heildareinkunn eftir keyrslu kynbótamats nú í maí.

Nautin 2011 fá nú sinn fyrsta dóm og því miður er útlitið með þann árgang ekki eins gott og vonir stóðu til. Þó verður öfluga gripi að finna meðal þeirra og má nefna Gými 11007 sem kemur til notkunar sem nautsfaðir og Skalla 11023 sem stendur með 112 í heildareinkunn.


Ástæða þess að fagræð valdi hann ekki sem nautsfaðir að þessu sinni er sú að beðið er frekari upplýsinga um dætur.

Nautsfeður til notkunar næstu mánuði verða áfram þeir Strákur 10011, Lúður 10067, Dropi 10077, Úranus 10081 og Úlli 10089 auk þess sem Gými 11007 bætist í hóp þeirra. Faðerni þeirra er dreift og enginn þeirra samfedra sem er ótvíræður kostur til þess að hamla gegn skyldleikarækt eins og mögulegt er. Að venju óskum við eftir að kýr sem eru flaggaðar sem nautsmæður í Huppu og efnilegar kvígur (grænflaggaðar) verði sæddar með einhverju þessara nauta. Að sjálfsgöðu uppfylla ekki allir þessi gripir þær kröfur sem við gerum okkar nautsmæðra þegar til á að taka en því fleiri tilkynningar um nautkálfa sem við fáum því sterkara og betra verður úrvalið. Það er ekki góð staða að hafa ekkert úr að velja og verða að taka öllu því sem býðst.

Þrátt fyrir að nú standi mönnum til boða margir góðir kostir í hópi hinna reyndu nauta megum við ekki gleyma að hugsa fram á veginn. Við verðum áfram að nota óreynd naut til jafns á við reynd naut en kynbótaskipulagið gerir ráð fyrir 50% notkun þeirra. Það er mjög brýnt að á þau fái stæk og góð reynsla til þess að val þeirra verði markvissara og betra þegar að því kemur að þeir hljóti sinn afkvæmadóm. Það er einnig mikilvægt að hafa í huga að í hópi hinna óreyndu nauta er að finna bestu einstaklingana sem okkur standa til boða. Það er því skynsamlegt að nota eins mörg þeirra og kostur er en setja ekki öll egginn í sömu körfuna með því að veðja á 1-2 naut.

GRÍÐARMIKLAR ERFÐAFRAMFARIR



Við skulum nú aðeins líta á hvernig gengur í ræktunarstarfinu. Erfðaframarir eru birtar hér þremur myndum sem sýna framfarir í nokkrum völdum eiginleikum. Á þeim má glögg sjá gríðarmiklar framfarir í afurðagetu sem og öðrum eiginleikum. Framfarir í



júgurgerð hafa einnig verið stórstígar á undanförnum árum og í raun er að sjá framfarir í öllum eiginleikum

nema frjósemi. Þar er því miður hægt og bítandi að síga á ógæfuhliðina án þess að um neinar hamfarir sé ræða. Hins vegar eru ákveðnar aðvörunarþjöllur farnar að hringja og tímabært að skoða á hvern hátt er hægt að snúa þessari þróun við. Fagræð hefur um nokkra hríð rætt möguleika á því að styrkja mat á þessum eiginleika. Eins og staðan er í dag byggir kynbótamat fyrir frjósemi eingöngu á bili milli burða. Þetta þýðir að áreiðanlegt mat kemur

mjög seint inn eða ekki fyrir en að notkun á viðkomandi nauti hefur verið hætt. Kosturinn við bil á milli burða er ótvírætt sá að þetta er einhver best mælanlegi eiginleiki sem völ er á hvað frjósemi varðar. Hins vegar er full ástæða til að skoða aðra þætti í frjósemi og má þar velta upp ýmsum mælikvörðum



eins og bili frá burði til síðustu sæðingar eða bili frá fyrstu til síðustu sæðingar svo eitthvað sé nefnt. Mælikvarðar sem byggja á sæðingagögnum eru hins vegar ekki eins áreiðanlegir og bil milli burða, ekki síst hérlandis þar sem notkun heimanauta er allmikil. Þarna þarf því að meta kosti og galla hinna mismunandi mælikvarða á frjósemi áður en endanlegar ákvarðanir um breytingu á frjósemismati verða teknar.

FRAMTÍÐIN

Segja má að við stöndum nú á þröskuldi mikilla tímamóta í nautgriparæktarstarfinu hérlandis. Bændasamtök Íslands og Landssamband kúabænda hafa í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins tekið þá metnaðarfullu ákvörðun að hrinda af stað erfðamengisúrvali í nautgriparækt hér á landi. Ekki þarf að fjölyrða um að þegar það kemur til framkvæmda verður um að ræða jafnvel stærri byltingu en þegar sæðingar, djúpfyrsting nautasæðis eða dreifðar afkvæmarannsóknir á nautum hófust. Nautgriparæktin mun taka á sig allt aðra mynd og erfðaframarir munu stórukast.

Það eru hins vegar mörg skref óstigin áður en við getum hrint erfðamengisúrvali í notkun. Þegar þetta er skrifað er búið að arfgerðargreina 48 naut til þess að skoða erfðafjölbreytileika og tengslaójafnvægi hinna ýmsu erfðavísa. Niðurstöður sýna að íslenska kúakynið er mjög fjarskylt öðrum kúakynjum og á rætur að rekja til Bretlandseyja, Ermarsundseyjana (Jersey og Guernsey) og N-Frakklands í meira mæli en áður var talið. Af þeim kúakynjum sem til eru í dag virðist Hereford vera nánasti ættingi íslenska kúakynsins en fjarskylt þó.

Næstu skref eru arfgerðargreining allra reyndra nauta sem og söfnun sýna úr a.m.k. 8 þús. gripum víðsvegar um land til þess að byggja upp svokallaðan viðmiðunarhóp, þ.e. til þess að finna tengsl hinna mismunandi arfgerða og svipgerða. Til svipgerða teljast hinir mældu eiginleikar eins og mæling á nyt, kúadómur o.s.frv. Mikilvægi góðs og vandaðs skýrsluhalds hefur því aldrei verið mikilvægara en nú og verður svo framvegis. Óvandaðar mælingar geta valdið skekkjum og hreinlega skemmt gríðarmikið í þessu samhengi.